

1875

8  
15da  
febr.

4. 3 ker undir vatn, skal 1 þeirra taka 16 tunnur, en hvort hinna tveggja að minsta kosti 4 tunnur.
5. 3 brunastiga.
6. 6 krókstjaka.
7. 1 brunavöð 15 álnir á lengd og 10 álnir á breidd.

Í bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar 17. dag desembermánaðar 1874.

L. E. Sveinbjörnsson. Magnús Stephensen. Ó. Finsen. O. V. Gíslason. Jóh. Ólsen.  
G. Þórðarson. Einar Þórðarson. H. Kr. Friðriksson.

9  
17da  
febr.

*Brjef landshöfðingja (til beggja amtmanna).*

Eptir að jeg með brjefi frá 11. febrúar f. á. hafði beðið yður herra amtmaður að útvega og senda mjer skýrslu frá hverjum einstökum hreppi í amti yðar um upphæð gjalds þess, sem samkvæmt 5. grein tilskipunar frá 25. júní 1869 um hundahald hefði verið goldið í sveitarsjóðinn sardagaárið 1872—73, og um tölu þeirra hunda, sem hafa verið haldnir í hreppnum, hefur það komið fram, að í mörgum hreppum hafi enn engin gangskör verið gjörð til að fylgja fram hinni nefndu tilskipun, sem þó náði lagagildi 1871. — Fleiri lögreglustjórar hafa tilgreint þá ástæðu fyrir þessu, að skæð hundaveiki hafi gengið hin síðustu ár um sveitirnar, og að hundar þess vegna hafi fækkað svo, að eigi hafi getað orðið spurning um óparfa hunda, og að búendur jafnvel hafi átt örðugt með að útvega sjer hina nauðsynlegu smalahunda, en þessi vandkvæði munu nú ekki lengur eiga sjer stað, enda geta þau ekki komið í veg fyrir, að hunda framtal það, sem lögboðið er með 1. grein tilskipunarinnar fari fram á hreppaskilapingum á vorin, að tala hunda þeirra, sem hver húsbóndi þarf með til að hirða kvikfje sitt og verja tún og engjar sínar, verði ákveðin samkvæmt 2. grein tilskipunarinnar, og að hundahaldsbók sú, sem getur um í 3. 5. og 6. grein tilskipunarinnar verði keypt.

Jeg skal því mælsta til þess, að þjer herra amtmaður sjáið um, að hinum nefndu ákvörðunum framvegis verði vandlega fylgt, og að þjer leggið fyrir sýslumenn þá, sem undir yður eru skipaðir, að senda yður áleiðis til mín á hverju ári, eptirrit þau eptir hundahaldsbókunum, sem samkvæmt 6. grein tilskipunarinnar eiga að fylgja sveitareikningunum. Loksins skal jeg taka fram, að jeg býst við, að þjer og lögreglustjórar þeir, sem undir yður eru skipaðir, noti þetta tækifæri til að brýna fyrir hreppstjórum og alþýðu, hve áriðandi það sje að gæta nákvæmlega þess, sem fyrirskipað er í 4. grein optnefndrar tilskipunar um að brenna þegar í stað sullmengað slátur og hausa af höfuðsóttar kindum, eður að grafa það svo djúpt í jörð, að hundar geti ekki náð í það.

10  
27da  
febr.

*Brjef landshöfðingja (til stiptyfirvaldanna).*

Með brjefi stiptyfirvaldanna frá 17. þ. m. meðtók jeg erindi prófastsins í Dalasýslu sira Jóns Guttormssonar frá 27. október f. á., þar sem þess er farið á leit, að stiptyfirvöldin skjóti því til úrskurðar ráðgjafans fyrir Ísland eður hans hátignar konungsins, hvort sá húsmáður, sem hefur grasnyt og geldur tíund til sveitar, eigi ekki eptir gamalli venju og ákvörðunum að greiða presti heytoll, og hvort við grasnyt eigi ekki að skiljast afnot af jörðu til beitar og slögna fyrir málnytu og annan pening, er hann hefur sjer og sínum til framfæris. Með því að þetta mál að svo miklu leyti, sem það er umboðslegs eðlis samkvæmt 19. grein erindisbrjefs frá 29. júní 1872 sætir fullnaðarúrlausn landshöfðingjans, skal jeg biðja stiptyfirvöldin að kynna nefndum prófasti það, er nú segir:

Eins og málið hjer liggur fyrir verður eigi úrskurðað um annað en heimild presta til

að heimta heytoll af húsmönnum, sem hafa afnot af jörðu til beitara og slægna fyrir málnytu og annan pening, er þeir hafa sjer og sínum til framfæris, þar á móti liggur það fyrir utan verkahring valdstjórnarinnar að leggja fullnaðardóm á það, hvort hinn einstaki gjaldþegn sje skyldur að greiða gjaldið, og er það samkvæmt hlutarins edli og löggjöfni dómsmál. Neiti húmaður að greiða heytoll, getur hlutaðeigandi prestur gjört eitt af tvennu. Hann getur sótt gjaldþegninn á vanalegan hátt fyrir dómi til að greiða tollinn, og á presturinn von á að fá gjafsókn í slíku máli; og hann getur látið taka gjaldið lögtaki á sína ábyrgð, en það er þá þeim, sem verður fyrir lögtakinu, frjálst, að höfða mál út af því fyrir dómstólunum gegn prestinum. Hvað nú snertir þá spurningu, hvort prestar megi krefja hina nefndu húsmenn um heytoll, þá hafa stiptysfirvöldin þegar í brjefi frá 1. febrúar 1869<sup>1</sup> til prófastsins kveðið upp það álit, að svo megi vera, og sinn jeg, með því að ákvarðanir þær, sem hjer koma til greina, einkum í hinum svokallaða Píningsdómi frá 1489, og í presta- eða lögrjettumannadómi frá 1510, koma ekki í bága við þetta álit, enda eru þær ekki alveg samkvæmar og virðast bygðar á eldri ákvörðunum, sem eigi nú eru kunnar, eigi ástæðu til að breyta úrskurði stiptysfirvaldanna í nefndu brjefi.

*Brjef landshöfðingja (til stiptysfirvaldanna).*

Kennari við hinn lærða skóla hjer í bænum Benidikt Gröndal hefur í brjefi frá 4. þ. m. sótt um 400 króna styrk af fje því, sem veitt er fyrir þetta ár til ýmislegra óvissra útgjalda, til að semja lýsingu á Reykjavík og Seltjarnarnesi og um leið koma upp safni íslenzkra nátturuhluta. Lýsinguna ætlar hann að láta vera á 100 blöðum af stórum uppdráttarpappír, og eiga á þeim að vera auk korta yfir Reykjavík og Seltjarnarnes og einstaka hluti þess, myndir af Reykjavík og Seltjarnarnesi, fjallasýninu allt í kring, einstökum merkilegum húsum, öllum dýrum, sem hjer finnast og beiðandinn getur náð, flokkuðum eptir kynjum og ættum, jurtum, steinum og jarðtegundum; þessum myndablöðum á að fylgja skýring, og safn af náttúruhlutum þeim, sem lýst er, og ætlar beiðandinn að sjá um, að náttúruhlutir þessir verði geymdir, með því að kaupa glösum utanum þau dýr, sem

1) Í þessu brjefi segir meðal annars svo:

„Vjer álitum það ómótmælanlegt, að allir þeir húsmenn, sem hafa grasnytjar og gjalda tífund til sveitar eigi að greiða presti heytoll, en um hitt getur verið meiri en, hvort grasnytjar eigi líka að skilja um heyskaup eða einungis um þá, sem hafa füst umráð yfir grasþýli eða jarðarparti. Þar sem sagt er í dómi frá 1510, að þeir, sem hafa búskap og grasnytjar, skuli greiða presti heytoll, þá lýtur það eingöngu til hjáleigna bænda, eins og presturinn hefur tekið fram, en verður ekki heimfert upp á nú verandi ástand húsmanna, sem kaupa heyr eða heyskap fyrir nokkrar skepnur. Að vísu er oss það kunnugt, að Geir biskup Vídalín í brjefi til prófastsins í Eyjafjarðarsýslu dags. 30. marz 1812 hefur álitid, að húskona sú, sem spurzt var fyrir um, og sem átti 2 málnytukúgildi eða jafnvel meira og grasnyt fyrir þau, ætti að svara heytolli til prests, og í öðru brjefi 12. apríl 1804 ályktað, að hin sama skylda hvíldi á öllum, sem hefðu eldstó og „familie“, ásamt málnytu sjer og sínum til framfæris, þótt þeir ekki hafi heyskap fyrir hana á þeim bæ, hvar þeir upphalda sjer, heldur kaupi hann eða leigi annarstaðar, sem og að stiptysfirvöldin seinna í brjefum sínum og einkanlega í brjefi til prófastsins í Þingeyjarsýslu 1. ágúst 1839 hafa vísað til tjeðra biskupsúrskurða og byggt álit sitt á þeim. En þar sem eins og hjer, ekki eru til beinlínis lagaákvæðanir eða dómur sem taka af öll tvímæli, þykir oss efasamt, að hlutaðeigandi gjaldendur nú á tímum álitis sig bundna við yfirvaldaúrskurði, ef þeir ganga þeim á móti, eins og líka dómstólarnir mundu þegar svo á stendur, mikið tillit hafa til venjunnar á hverjum stað, eins og edlilegt er, og sem vjer einuig verðum að leggja áherzlu á. Þótt vjer því fyrir vort leyti álitum edlilegast að binda lambsfóðurskylduna við umráð einhvers jarðarparts, getur það þó ekki álitit hinum gildandi lögum ósamkvæmt, að þeir sem hafa skepnur og kaupa heyr eður heyskap fyrir þær, greiði presti lambsfóður, þó ekki hafi þeir jörð eða jarðarpart til umráða, þar sem sú venja er komin á, og það því síður, þegar um þá menn er að ræða sem eru í skiptifund eins og presturinn segir, að eigi sjer stað í sinni sókn, því að þetta sýnir, að þeir hljóti að hafa talsverðan pening, sem naumast yrði framfluttur nema á afnotum einhvers jarðarparts til beitara og slægna. Að öðru leyti heyrir þetta mál undir úrskurð dómstólanna.“